

Eftirlitsverkefni - Fæliefni

Dagsetning	21. ágúst 2020
Fyrirtæki	Apótek Garðabæjar ehf.
Heimilisfang	Litlatúni 3, 210 Garðabær
Kennitala	5403111530
Starfsemi	Lyfjaverslun
Eftirlitsstaður	Apótek Garðabæjar, Litlatúni 3
Fulltrúi fyrirtækis á vettvangi	Unnar Darri Sigurðsson
Fulltrúi UST	Fífa Konráðsdóttir
Tegund eftirlits	Efnaeftirlit
Tengiliður fyrirtækis	Unnar Darri Sigurðsson

SAMANTEKT

Umhverfisstofnun fór í eftirlit með sæfivörum hjá Apóteki Garðabæjar ehf. þann 21. ágúst 2020. Skoðað var hvort að fæliefni sem innihalda virku efnin DEET og/eða etýlbútýlasetýlamínóprópiónat væru á markaði án markaðsleyfis. Ein vara fannst sem fellur undir umfang eftirlitsins og reyndist hún ekki þurfa markaðsleyfi eins og er.

UMFANG EFTIRLITS

Umhverfisstofnun vísar í kynningarbréf stofnunarinnar, dags. 21. ágúst 2020, þar sem kynnt var eftirlitsverkefni með sæfivörum á markaði í vöruflokki 19, með áherslu á fæliefni gegn skordýrum, sbr. hlutverk Umhverfisstofnunar með framkvæmd efnalaga nr. 61/2013 og reglugerðar nr. 878/2014 um sæfivörur. Markmið þessa eftirlits er að skoða hvort að fæliefni sem innihalda virku efnin DEET (cas nr. 134-62-3) og/eða etýlbútýlasetýlamínóprópiónat (cas nr. 52304-36-6) séu á markaði og hvort að þau séu með markaðsleyfi.

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eftirtalin vara, sem fellur undir umfang eftirlitsins, var skoðuð:

Vara	Strikamerki
Moustidose Spray Répulsif Anti-Moustiques	3518646040481

Varan inniheldur virku efnin DEET og Eucalyptus citriodora oil, hydrated, cyclized (cas nr. 1245629-80-4). Fæliefni sem innihalda DEET þurfa markaðsleyfi til að það megi bjóða þau fram á markaði nema að þau innhaldi annað virkt efni sem er enn í áhættumati til notkunar í sæfivörum. Þar sem Eucalyptus citriodora oil, hydrated, cyclized er enn í áhættumati til notkunar í sæfivörum í vöruflokki 19 má bjóða vöruna fram á markaði án markaðsleyfis og því eru engin frávik tilgreind.

ÁBENDINGAR

Þegar áhættumati fyrir virka efnið, Eucalyptus citriodora oil, hydrated, cyclized, verður lokið fyrir vöruflokk 19 mun varan þurfa markaðsleyfi til að það megi bjóða hana fram á markaði hér á landi.

Reykjavík, 10. september 2020

Hafdís Inga Ingvarsdóttir

Hafdís Inga Ingvarsdóttir